

Yfirlýsing meirihluta Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar júní 2020

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, þingmaður Pírata, sagði af sér formennsku í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis 15. júní síðastliðinn og gaf þá ástæðu að meirihluti nefndarinnar hefði staðið í vegi fyrir frumkvæðisathugun á hæfi sjávarútvegsráðherra.

Af þessu tilefni vill meirihluti nefndarinnar, sem skipa Óli Björn Káráson og Brynjar Níelsson frá Sjálfstæðisflokki, Þórunn Egilsdóttir og Líneik Anna Sævarsdóttir frá Framsóknarflokki og Kolbeinn Óttarsson Proppé frá Vinstri grænum, gera grein fyrir eftirfarandi atriðum í störfum stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar undir formennsku Þórhildar Sunnu Ævarsdóttir:

Í nóvember 2019 voru störf útgerðarfyrirtækisins Samherja til umfjöllunar í fjölmiðlum vegna meintra lögbrotu á erlendri grundu. Hófst í kjölfarið sakamálarannsókn hjá þar til bærum yfirvöldum sem enn stendur yfir. Þá vöknudu einnig spurningar um hæfi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra Kristjáns Þórs Júlíussonar vegna stöðu hans gagnvart útgerðarfyrirtækinu Samherja. Ljóst var þegar Kristján Þór tók við sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að hann hafði starfað hjá fyrirtækinu fyrir um tveimur áratugum og að hann og forstjóri fyrirtækisins hefðu þekkt lengi. Þá greindi ráðherrann frá því að hann myndi gæta að hæfi sínu eins og honum ber skylda til samkvæmt stjórnisýslulögum kæmu mál til ákvörðunar á hans borði sem vörðuðu hagsmuni þessa fyrirtækis.

Þáverandi formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar lagði til þann 21. nóvember, að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra kæmi fyrir nefndina til að fjalla um hæfi hans vegna umræddra tengsla. Meirihluti nefndarinnar ákvað að eðlilegra væri að byrja á að fjalla almennt um hæfisreglur stjórnisýslulaga og fá sérfræðinga á fundi nefndarinnar vegna málsins.

Þáverandi formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar tjáði sig um stöðu ráðherrans þann 23. nóvember og sagði eftirfarandi í fréttum Stöðvar 2 (<https://www.visir.is/k/60e12b62-2a5a-45f5-96ec-fe4bc1e68137-1574536052798>):

„Það gengur ekki ráðherra þjóðarinnar haldi áfram að bera eitthvað bull á borð þjóðarinnar [...] og sömuleiðis að það sé kominn tími til þess að Kristján Þór taki pokann sinn.“

Tveimur dögum síðar, 25. nóvember, komu sérfræðingar á fund nefndarinnar til að fjalla um hæfisreglur stjórnisýslulaga, þau Trausti Fannar Valsson, dósent í stjórnisýslurétti við lagadeild Háskóla Íslands, Sindri Stephensen, lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, Jón Ólafsson, prófessor við hugvísindasvið Háskóla Íslands, Páll Rafnar Þorsteinsson, aðjúntkt við Háskólann á Bifröst og Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, dósent í opinberri stjórnisýslu og stefnumótun við Háskóla Íslands.

Að loknum fundinum 25. nóvember var þáverandi formaður nefndarinnar inntur eftir því af fjölmiðlum hvort afstaða hennar um að hún telji rétt að Kristján Þór segi af sér hafi eitthvað breyst eftir það sem fram kom á fundinum segir hún svo ekki vera.

„Nei langt í frá,“ svarar Þórhildur Sunna “ og bætir við „Ég á eftir að leggjast undir feld með það og ræða það við mína féлага hversu umfangsmikil slík rannsókn ætti að vera, hvort það eigi heima hjá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd eða mögulega einhvers staðar annars staðar, þetta er bara eitthvað sem ég mun fara mjög vel yfir.“
(<https://www.visir.is/g/2019191129211>)

Nefndin hélt áfram umfjöllun sinni um hæfisreglur stjórnisýslulaga á fundi sínum 5. desember, þegar á fund hennar komu Ágúst Geir Ágústsson, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu og Ásgerður Snævarr, lögfræðingur á skrifstofu yfirstjórnar forsætisráðuneytisins.

Á fundi nefndarinnar, degi síðar, lagði þáverandi formaður fram eftirfarandi tillögu:

„Þórhildur Sunna Ævarsdóttir leggur til að nefndin hefji frumkvæðisathugun á hæfi Kristjáns Þórs Júlíussonar í ljósi stöðu hans gagnvart útgerðarfyrirtækinu Samherja.

Nefndin athugi verklag ráðherra ásamt verkferlum og framkvæmd ráðherra sem og ráðuneyti hans í tengslum við útgerðarfyrirtækið Samherja og tengd félög skv. skilgreiningum í lögum um ársreikninga. Skal hæfi ráðherra skoðað með tilliti til skráðra sem og óskráðra hæfisreglna stjórnsýsluréttar.“

<https://www.althingi.is/thingnefndir/fastanefndir/stjornskipunar--og-efirlitsnefnd/fundargerdir/?faerslunr=10283>

Andrés Ingi Jónsson, þingmaður utan flokka, og Guðmundur Andri Thorsson, þingmaður Samfylkingarinnar, lýstu sig samþykka þessari tillögu. Þar sem nægir að fjórðungur stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar fari fram á frumkvæðisathugun, var ljóst að af athuguninni yrði. Áður en gengið var formlega til atkvæða um tillöguna var nokkur umræða.

Kolbeinn Óttarsson Proppé lagði til að áður en ákvörðun yrði tekin formlega kæmi Kristján Þór Júlíusson á fund nefndarinnar. Hann vísaði í að þáverandi formaður hefði áður lagt það til á fundi 21. nóvember.

Óli Björn Kárason lagði til að áður en ákvörðun yrði tekin formlega yrði óskað eftir upplýsingum frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti um hvort reynt hafi á yfirlýsingu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um hæfi sitt frá 2017. Þáverandi formaður hafnaði þeirri beiðni og var það ritað í fundargerð.

Að umræðu lokinni bar þáverandi formaður tillögu sína upp og Andrés Ingi Jónsson og Guðmundur Andri Thorsson studdu hana. Þáverandi formaður bar þá upp tillögu um sjálfan sig sem framsögumann, en þá vakti Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, athygli á því að formaðurinn hefði þegar gert grein fyrir afstöðu sinni varðandi hæfi ráðherrans opinberlega. Þáverandi formaður hefði tjáð fjölmiðlum að hann teldi að Kristján Þór Júlíusson ætti að segja af sér. Brynjar Níelsson lagði því til að Líneik Anna Sævarsdóttir, þingmaður Framsóknar, yrði framsögumaður og var það samþykkt.

Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Miðflokksins, bókaði eftirfarandi við það tilefni:

„Málsmeðferð innan nefndarinnar undanfarna daga er mér mikil vonbrigði. Formaður nýtur ekki míns trausts.“

Á næsta fundi nefndarinnar, 9. desember 2019, bókaði Líneik Anna, framsögumaður frumkvæðisathugunarinnar, eftirfarandi vegna þeirrar staðreyndar að þáverandi formaður nefndarinnar hefði hafnað upplýsingabeiðnum áður en ákvörðun var tekin:

„Áhyggjuefni er þegar formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar hrapar útrekað að ályktunum og gefur sér niðurstöðu fyrir fram í flóknum málum, nú síðast í málum sem varða hæfi ráðherra sjávarútvegs mála. Þar hefur þess ekki verið gætt að málefnaleg sjónarmið séu höfð að leiðarljósi við meðferð mála í nefndinni, með því að veita ráðherra eðlilegt færi á því að skýra orð sín, sem og að neita nefndarmönnum um frekari gögn í málinu, áður en ákvörðun er tekin um frumkvæðisathugun nefndarinnar.“

<https://www.althingi.is/thingnefndir/fastanefndir/stjornskipunar--og-efirlitsnefnd/fundargerdir/?faerslunr=10287>

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd fjallaði næst um frumkvæðisathugun sína á fundi 16. desember, þegar framsögumaður fór yfir drög að upplýsingabeiðni til ráðuneytisins. Hún var samþykkt og svörum

ráðuneytisins dreift til nefndarmanna 17. janúar. Þremur dögum síðar, 20. janúar, lagði framsögumaður, Líneik Anna Sævarsdóttir, til að nefndin héldi opinn fund með sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, og var það samþykkt af nefndinni allri.

Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra kom fyrir nefndina 22. janúar á opnum fundi í beinni útsendingu. Fyrirhugað var að fundurinn stæði í 90 mínútur, en þáverandi formaður sleit honum eftir rúmar 60 mínútur þar sem allir nefndarmenn höfðu fengið svör við öllum sínum spurningum.

Andrés Ingi Jónsson, Guðmundur Andri Thorsson og Þórhildur Sunna Ævarsdóttir ákváðu þann 4. mars að senda aðra upplýsingabeiðni til ráðuneytisins og var svörum við henni dreift á nefndina 4. apríl.

Nefndin fékk á ný sérfræðinga á fund sinn 4. júní, þegar Ágúst Geir Ágústsson, Ásgerður Snævarr, Jón Ólafsson og Páll Rafnar Þorsteinsson komu aftur á fund hennar.

Deji síðar, 5. júní, lagði framsögumaður frumkvæðisathugunarinnar, Líneik Anna Sævarsdóttir, fram bókun. Þar segir að í skilningi stjórnarsýslulaga hafi ráðherra engra hagsmuna að gæta af Samherja eða tengdum félögum.

„Samkvæmt lögum metur ráðherra hæfi sitt sjálfur og ekkert hefur komið fram um að framkvæmd eða verklag á því mati hafi farið í bága við lög og reglur. Ég tel frekari könnun tilgangslausa og tel ekki tilefni til frekari umfjöllunar um þessa frumkvæðisathugun innan stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar.“

<https://www.althingi.is/thingnefndir/fastanefndir/stjornskipunar--og-eftirlitsnefnd/fundargerdir/?faerslunr=10596>

Þá rakti hún feril athugunarinnar, upplýsingabeiðnir og svör, gestakomur, fund með ráðherra og fleira.

Undir þessa bókun tóku Birgir Ármannsson, varamaður Brynjars Níelssonar, Óli Björn Kárason, Þórunn Egilsdóttir, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Þorsteinn Sæmundsson. Nokkur umræða skapaðist um það hvort að afgreiðsla á frumkvæðisathugunni væri tæk. Því ákvað nefndin að óska úrskurðar forseta Alþingis.

Lagði Þórhildur Sunna þá fram bókun þar sem stóð meðal annars:

„Afstaða meiri hlutans ber merki um vanvirðingu fyrir réttindum og hlutverki minni hlutans á þingi, ýtir undir grunsemdir um samtryggingu og leyndarhyggju, lítilsvirðir sérstakt eftirlitshlutverk stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar og er til þess fallin að veikja Alþingi og traust almennings á því. Minni hlutinn harmar þessa afstöðu.“

<https://www.althingi.is/thingnefndir/fastanefndir/stjornskipunar--og-eftirlitsnefnd/fundargerdir/?faerslunr=10596>

Undir þessa bókun tóku Andrés Ingi Jónsson og Guðmundur Andri Thorsson.

Á sama fundi lagði Andrés Ingi Jónsson til að þáverandi formaður nefndarinnar yrði framsögumaður í stað Líneikar Önnu Sævarsdóttur. Var það fellt með atkvæðum allra nema Andrésar Inga, Þórhildar Sunnu og Guðmundar Andra.

Óli Björn Kárason lagði fram bókun á fundi nefndarinnar 10. júní. Í henni tók hann undir bókun Þorsteins Sæmundssonar frá 6. desember um að formaður nyti ekki hans trausts, sem og bókun Brynjars Níelssonar, en hann hafði bókað þann 16. september 2019 að hann styddi ekki tillögu um að Þórhildur Sunna Ævarsdóttir yrði formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar. Í bókunni segir jafnframt:

„Ásakanir og dylgjur formanns stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, sem komu fram í bókun á fundi 5. júní sl. og endurteknar efnislega í fjölmiðlum og þingsal í garð sex nefndarmanna eru alvarlegar og ekki hægt að sitja undir þeim. Brigsli um vanvirðingu gagnvart réttindum minnihluta, leyndarhyggju og lítilsvirðingu gagnvart hlutverki nefndarinnar sem veiki Alþingi, eru án innistæðu og tilefnislaus...“

<https://www.althingi.is/thingnefndir/fastanefndir/stjornskipunar--og-efirlitsnefnd/fundargerdir/?faerslunr=10623>

Þann 15. júní sendi forseti Alþingis erindi þar sem fram kom að afgreiðsla nefndarinnar þann 5. júní á frumkvæðisathugun hefði verið í fullu samræmi við þingsköp.

Síðar sama dag sagði Þórhildur Sunna Ævarsdóttir af sér sem formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis hefur meðal annars það hlutverk að kanna ákvarðanir einstaka ráðherra og verklag þeirra að eigin frumkvæði. Þannig sé tryggt að löggjafinn hafi eftirlit með framkvæmdavaldinu. Þá er almenningi einnig gert kleift að fylgjast vel með slíkum athugunum bæði með opnum fundum þar sem ráðherra situr fyrir svörum eða með aðgengi að fundargerðum og bókunum um málið. Niðurstaðan er svo gerð öllum ljós að lokinni rannsókn sem byggist á gestakomum sérfræðinga í málinu, upplýsingabeidnum frá ráðuneytum, opnu samtali við ráðherra og öðru sem hjálpar þingmönnum að komast að upplýstri niðurstöðu.

Af ofangreindu má ljóst vera að frumkvæðisathugun stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar á hæfi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í ljósi stöðu hans gagnvart útgerðarfyrirtækinu Samherja, hefur að einu og öllu verið í samræmi við þetta hlutverk nefndarinnar og verklag allt verið eðlilegt. Allar ásakanir um annað byggja á öðru en staðreyndum.

20. júní 2020

Líneik Anna Sævarsdóttir

Brynjar Níelsson

Kolbeinn Óttarson Proppé

Óli Björn Kárason

Þórunn Egilsdóttir